

EFTIRLITSSKÝRSLA

Bolungarvíkurkaupstaður að Hóli



Dags eftirlits	22.8.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Bolungarvíkurkaupstaður	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Aðalstræti 12	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	480774-0279	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Gísli Gunnlaugsson	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis	Reynir Ragnarsson	Staðsetning	307786,784 635095,624

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit fundust tvö frávik frá kröfum í starfsleyfi en engin athugasemd var gerð.

UMFANG EFTIRLITS

- Fundur:
 - farið yfir útafstandandi mál frá síðasta eftirliti
 - farið yfir kröfur í starfsleyfi
 - skoðun gagna – skýrsla HEV um sigvatn, magn og gerð úrgangs o.fl.
 - magn timburs og garðaúrgangs, jarðgerðarmál
 - umsókn um starfsleyfi? - kröfur um innsend gögn
- Skoðun á urðunarstaðnum og samantekt

Viðstaddir eftirlitið voru Gísli Gunnlaugsson og Reynir Ragnarsson fulltrúar rekstraraðila og Anton Helgason frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða auk undirritaðs.

Starfsleyfið heimilar urðun á allt að 500 tonnum af óvirkum úrgangi, s.s. glertréfaúrgangi, glerumbúðum, steinsteypu, múrsteinum, jarðvegi og steinum, flisum og keramíki og blöndu af þessum efnum. Eins má urða annan óvirkan úrgang ef farið hefur fram prófun á úrganginum og úrgangurinn uppfyllir skilyrði um óvirkan úrgang, sbr. útskolunarpróf.

Annað má ekki urða en heimilt er að jarðgera eða endurvinna með sambærilegum hætti garðaúrgang og annan lífrænan úrgang á urðunarsvæðinu.

Óheimilt er að taka á móti, flokka, geyma eða urða heimilissorp og annan almennan úrgang og spilliefni á svæðinu sem starfsleyfið nær til og því er mikilvægt að móttaka og flokkun úrgangs fari fram annarsstaðar.

Samráðsfundur rekstraraðila með fulltrúa Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða og fulltrúa Umhverfisstofnunar fór fram áður en eftirlitið hófst. Samráðsfundinn sátu Jón Páll Hreinsson bæjarstjóri, Gísli Gunnlaugsson byggingarfulltrúi og tengiliður Umhverfisstofnunar vegna urðunarstaðarins, Reynir Ragnarsson starfsmaður eignasjóðs, Anton Helgason framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun. Fundargerð samráðsfundarins liggur fyrir.

Eftirlitið hófst á fundi. Sest var yfir skoðun gagna á skrifstofum bæjarfélagsins. Í eftirliti ársins 2015 voru gerðar tvær athugasemdir við reksturinn. Mæliáætlun sem endurskoða skal á samráðsfundi rekstraraðila með fulltrúum heilbrigðisnefndar Vestfjarða og Umhverfisstofnunar lá ekki fyrir og gerir ekki enn. Þetta er frávik frá kröfum í starfsleyfi en starfsleyfið er 11 ára gamalt, frá árinu 2006. Samráðsfundur var haldin í ágúst sl. og málið tekið fyrir. Það er því komið á nokkurn rekspól. Ákveðið var á samráðsfundi að lokið yrði við gerð mæliáætlunarinnar í næsta mánuði og hún síðan látin fylgja nýrri umsókn um starfsleyfi sem áætlað er að sækja um í október nk. Hefja skal sýnatökur og mælingar samkvæmt nýrri mæliáætlun hið fyrsta.

Hin athugasemdin snýr að skýrslum um niðurstöður skráninga og mælinga sbr. lið 3.3 í starfsleyfi. Skýrsla um mælingar og vöktun á sigvatni frá urðunarstaðnum hefur borist eftirlitsaðila eins skýrsla um magntölur úrgangs. Ársyfirlit skráninga hefur ekki verið að berast fyrir 1. mars ár hvert eins og krafist er í lið 3.1 í starfsleyfi. Það er frávik frá kröfum í starfsleyfi.

Magn og gerð úrgangs er sambærilegt á milli ára eða um 200 tonn sem komið er með á urðunarstaðinn. Einungis lítil hluti þess er urðaður eða um 25 tonn, annað er timbur-, trjá- og garðaúrgangur sem fer í endurvinnslu og endurnýtingu. Drög að nýju deiliskipulagi gera ráð fyrir landmótun á urðunarstaðnum, gerð jarðvegsmana til þess að bæta ásýnd íbúa í efstu hverfum bæjarins.

Þrjár áætlanir skulu vera til staðar, neyðaráætlun, viðbragðsáætlun og mæliáætlun. Neyðaráætlun urðunarstaðarins felst í samningi við Sorpurðun Vesturlands hf. um að taka við óvirkum úrgangi af svæði Bolungarvíkurkaupstaðar í neyðartilvikum. Samningurinn er frá 11. júlí 2012. Áhættumat og viðbragðsáætlun fyrir urðunarstaðinn var unnið af

verkfræðistofunni EFLU árið 2012. Þar eru taldar hverfandi líkur á að bráðamengun á urðunarstaðnum geti leitt til mengunar í sjó eða strönd. Tekið er á viðbrögðum við einsökum tilvikum sem kynnu að koma upp á urðunarstaðnum í viðbragðsáætlun staðarins. Í áhættumatinu er bent á að vegna fyrri urðunar á staðnum sé vert að fylgjast með sigvatni frá urðunarstaðnum. Vísað er til þess við gerð mæliáætlunar.

Starfssemin er í góðum farvegi, og vöktunarskýrsla með niðurstöður mælinga á sigvatni frá urðunarstaðnum frá mars 2017 bendir til að áhrif urðunarstaðsins séu lítil á nánasta umhverfi sitt. Mæling á síngi undanfarin ár er á bilinu 65 µg/l til 71,5 µg/l. Þetta er hækkun frá nátturulegu gildi en líkleg skýring á því að síng er notað til húðunar á þakfni sem tæringarvörn. Við niðurbrot á húsum fara þessi efni á urðunarstaðinn. Eins er heildarköfnunarefni (N-tot mg/l) að mælast á bilinu 1,3 mg/l til 6,8 mg/l sem telst næringaefnaríkt til ofauðugt í reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999.

Nú hófst skoðun á urðunarstaðnum með Gísla og Antoni. Ásýnd svæðisins hefur batnað en allmikið er af rotnandi garðaúrgangi og timbri er á svæðinu og kurlun efnisins þarf að fara fram áður en hægt er að nota það í jarðgerð eða landmótun. Samkvæmt grein 2.7 í starfsleyfi telst jarðgerð það þegar lífrænn úrgangur er hakkaður eða tættur og blandaður með stoðefnum með reglulegum hætti, þannig að loftun náist í úrganginn.

Frávik frá

ákvæðum í liðum 3.2 og 4.8 í starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Koma þarf fyrir sýnatökubrunnum eða sambærilegri aðstöðu til sýnatöku til þess að auka samanburðarhæfi niðurstaðanna. Eins þarf að skilgreina fyrir hverju skal mæla og fá samþykki Umhverfistofnunar fyrir mæliáætlun urðunarstaðarins.

Tímasett áætlun um úrbætur liggur fyrir svo ekki verður eftirfylgni vegna þessa.

ákvæðum í lið 3.1 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal taka saman og senda ársyfirlit skráninga til Umhverfisstofnunar fyrir 1. mars ár hvert. Ársyfirlit hafa ekki borist stofnuninni.


ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirliti.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 25.09.2017



Gottskálk Friðgeirsson